Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að fela stjórn LH að setja af stað verkefni sem hafi það að markmiði að efla og styrkja sjálfboðaliðastarf við mótahald. Skoða þarf hvernig megi gera sjálfboðaliðastarf eftirsóknarverðara og hvort sé þörf á framlögum keppenda og/eða aðstandenda við sjálfboðaliðastörf á mótum.

Greinargerð:
Verkefnið þarf að hafa að markmiði hvernig finna megi leiðir til að stuðla að aukinni virðingu og þakklæti í garð sjálfboðaliða en víða hefur það gerst að sjálfboðaliðar dagi sig úr starfi vegna neikvæðrar framkomu eða skorts á viðurkenningu fyrir framlag sitt.